Forvarnir vinnustaða vegna COVID-19 smithættu þar sem þörf er á samskiptum milli fólks.

Í kjölfar áhættumats þarf að meta hvað er framkvæmanlegt miðað við aðstæður til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á COVID-19 smiti.

Höfum í huga að það er engin ein lausn sem hentar öllum heldur verður að fara fram mat á hverjum vinnustað fyrir sig.

Almennar forvarnir sem draga úr smitleiðum:

- ✓ Gæta að hæfilegri fjarlægð (2 m) milli starfsmanna.
- ✓ Hvetja til handþvottar.
- ✓ Hafa handspritt aðgengilegt starfsmönnum víða á vinnustaðnum.
- ✓ Takmarka náin samskipti við annað fólk, t.d. handabönd og faðmlög eða aðra snertingu. Finna aðrar leiðir til þess að heilsast án snertingar.
- ✓ Minna starfsfólk á að forðast að bera hendur í andlit, sérstaklega augu, nef og munn.

Ef eðli starfa er þannig að þörf er á samskiptum milli fólks þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að draga úr hættu á smiti.

Það er gert m.a. með því að:

- ✓ Veita starfsmönnum viðeigandi persónuhlífar, upplýsingar og þjálfun í því hvernig og hvers vegna þeim er skylt að nota þær.
- ✓ Tryggja starfsmönnum aðgengi og aðstöðu til handþvottar.
- ✓ Gefa starfsmönnum tækifæri að sápuþvo hendur reglulega, a.m.k. í 20 sekúndur í hvert skipti.
- ✓ Þar sem vatn og sápa eru utan seilingar þarf handspritt að vera starfsmönnum aðgengilegt og einnig viðskiptavinum. Til dæmis er unnt að hafa brúsa með handspritti við afgreiðsluborð þar sem viðskiptavinir eru hvattir til að spritta hendur áður en til viðskipta kemur.
- ✓ Þrífa oft fleti sem eru mikið notaðir og þá með sótthreinsandi efnum.
- ✓ Gæta þess að skýrt sé hver dagleg störf og skyldur starfsfólks eigi að vera á meðan veiran geisar.
- ✓ Tryggja að starfsfólk hafi skrifleg svör við hendina vegna algengra spurninga viðskiptavina.
- ✓ Gæta þess almennt að hæfileg fjarlægð sé á milli fólks, nema að snerting sé nauðsynleg, t.d. vegna umönnunarstarfa, en þá ber að tryggja að starfsmenn beri fullnægjandi persónuhlífar.
- ✓ Skoða aðrar mögulegar leiðir til að framkvæma störfin sem takmarka nálægð eða snertingu fólks.
- ✓ Setja upp merkingar þar sem starfsfólk og viðskiptavinir eru minntir á að heilsa ekki með handabandi.
- ✓ Setja upp merkingar þar sem starfsfólk og viðskiptavinir eru hvattir til að hósta eða hnerra ekki út í loftið heldur í olnbogabótina eða í handþurrkur. Þannig er einnig komið í veg fyrir að úði fari á hendur.
- ✓ Veita starfsmönnum stuðning og tækifæri til að ræða áhyggjur sínar, t.d. með daglegum upplýsingum og spjalli við næsta yfirmann eða samstarfsmenn.